

Blað nr. 223

THE Lion

ÍSLENSK ÚTGÁFA



We Serve

Mars / apríl 2004



Léttum þeim lífið



Landssöfnun til styrktar langveikum börnum

RAUÐA FJÖÐRIN - LANDSSÖFNUN 27. MARS - 3. APRÍL 2004

Mars / apríl 2004 Blað nr. 223
THE LION IN ICELANDIC
FJÖLUMDÆMI 109
 Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgaagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi THE LION á íslensku:
 FJÖLUMDÆMI 109

Timaritíð the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Skrifstofa Lionsumdæmisins, Sóltúni 20, 105 Reykjavík er opin frá kl. 12.00 til 15.00
 Sími 561 3122
 Fax: 561 5122
 e-mail / netfang: lions@tv.is

Ritstjóri:

Ólafur Briem
 Grundarlandi 22, 108 Reykjavík,
 Sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is

Setning, umbrot, prentun:

Prentsmiðjan Gutenberg hf.
 Síomúla 16, 108 Reykjavík
 E-mail: stymir@gutenberg.is

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2003-2004

Hörður Sigurjónsson, fjöldumdæmisstjóri
 Þórunn Gestsdóttir, umdæmisstjóri 109 A
 Einar Þórðarson, umdæmisstjóri 109 B
 Árni Stefán Guðnason, fjöldumdæmisgjaldkeri
 Örn Gunnarsson, fjöldumdæmisritari og netstjóri
 Kristinn Hannesson, unglingskviptastjóri og unglingsmálstjóri
 Þór Steinarsson, alþjóðasamskiptastjóri
 Hrunn Hjaltadóttir, fræðslustjóri
 Pálmí Hannesson, útbreiðslustjóri
 Jón Guðmundsson, félagastjóri
 Kristján Helgason, aðst. félagastjóri
 Vigfús Halldórsson, kynningarstjóri
 Jón Gröndal, ritstjóri Lions
 Magnús Steingrímsson, minja og skjalavörður

Ólafur Briem: síðameistari
 Jón Bjarni Þorsteinsson, SightFirst stjóri
 Auður Jóhannesdóttir, Lions Quest stjóri
 Kristján Kristjánsson, Rauðufjarðarstjóri: 2003-2004
 Jón Eyjólfur Jónsson, menningarstjóri
 Halldór Kristjánsson, þingstjóri
 Anna K. Gunnlaugsdóttir: umhverfisverndarstjóri
 Halldóra J. Ingilbergsdóttir, LCIF stjóri
 Daniel G. Björnsson, verkefnisstjóri LCIF
 Margrét Jónsdóttir, félaganefndarstjóri
 Björn Guðmundsson, frv. alþjóðastjórnarmaður
 Geir Hauksson, varaumdæmisstjóri 109A
 Stefán Skarphéðinsson, varaumdæmisstjóri 109B

Frankvæmdastjórn Lionshreyfingarinnar

President, DR. TAE-SUP "TS" LEE, Room 507, Chokson Hyundai Bldg. 80, Chokson-dong, Chongro-ku, Seoul 110-756, Republic of Korea; Immediate Past President, KAY K. FUKUSHIMA, P.O. Box 22607, Sacramento, California 95822, USA; First Vice President, CLEMENT F. KUSIAK, 6302 Homewood Road, Linthicum, Maryland 21090-2108, USA; Second Vice President, ASHOK MEHTA, Avanti Apts., Sion East, Mumbai 400 022, India

Alþjóðastjórnarmenn:

LUCIE ARMSTRONG, Hamilton, New Zealand; DELMAR "DEL" BROWN, Iowa City, Iowa, USA; GARY L. BROWN, Urbana, Ohio, USA; LOWELL BONDS, Hoover, Alabama, USA; VARA PRASAD CHIGURUPATI, Vijayawada, India; JULES COTE, Shelburne, Vermont, USA; HANS ULRICH DÄTWYLER, Schattdorf, Switzerland; NELSON DIEZ PEREZ, Barrio Sanjonia, Paraguay; JACQUES GARELLO, Marseilles, France; K.M. GOYAL, New Delhi, India; ASOKA de. Z. GUNASEKERA, Nugegoda, Sri Lanka; RANDY HEITMANN, Cambridge, Nebraska, USA; DR. RYOJI KAMEI, Kishiwada City, Japan; ERKKI J.J. LAINE, Espoo, Finland; WHADY LACERDA, Cuiaba, Brazil; E. ROBERT "BOB" LASTINGER, Wesley Chapel, Florida, USA; CHING-LI LEE, Kaohsiung, Taiwan; HOWARD LEE, Farnham, Surrey, England; SHI-WOK LEE, Yongin-city, Republic of Korea; MELVIN M. NAKAMURA, Honolulu, Hawaii, USA; SCOTT NEELY, South Charleston, West Virginia, USA; DR. GEN OKUBO, Nagasaki, Japan; WILLIAM R. "W.R." O'RILEY, Maryville, Missouri, USA; JOHN E. RABIDEAU, Churchville, New York, USA; DAVID ROBERTS, Sun City, Arizona, USA; RODOLPHE ROBINEL, Cayenne, French Guiana; WILLIAM ANDREW ROLLINS, Portland, Oregon, USA; BRUCE SCHWARTZ, Bismarck, North Dakota, USA; JAMES SHERRY, Sackville, Nova Scotia, Canada; DR. WING-KUN TAM, Wanchai, China Hong Kong; GARY TSCHACHEZ, Bozeman, Montana, USA; WALTER R. "BUD" WAHL, Streator, Illinois, USA; EBERHARD J. WIRFS, Kelkheim, Germany.



Dagatal LIONS til 30.06.2004

Dagsetning	Athurður	Staður
29.03.2004	Lkl. Ýr, Kópavogi, 20 ára	Kópavogur
03.04.2004	Landssöfnun Rauð fjöður	Ísland
05.04.2004	Lkl. Rán, Ólafsvík, 10 ára	Ólafsvík
06.04.2004	Lkl. Harpa, Stykkishólmi, 10 ára	Stykkishólmur
06.04.2004	Lkl. Vestmannaeyja, 30 ára	Vestmannaeyjar
08.04.2004	Lkl. Geysir, 20 ára	
11.04.2004	Lkl. Pengill, Grenivík, 35 ára	Grenivík
14.04.2004	Lkl. Eir, Reykjavík, 20 ára	Reykjavík
17.04.2004	Samfundur	Óákveðið
20.04.2004	Lkl. Agla, Borgarnesi, 10 ára	Borgarnes
22.04.2004	Lkl. Ösp, Akureyri, 10 ára	Akureyri
27.04.2004	Lkl. Sunna, Dalvík, 10 ára	Dalvík
28.04.2004	Lkl. Hríseyjar, 30 ára	Hrísey
28.04.2004	Lkl. Vitaðsgjafi, Eyjafjarðarsveit, 30 ára	Eyjafjarðarsveit
03.05.2004	Lkl. Blönduóss, 45 ára	Blönduós
05.05.2004	Lkl. Pernan, Hellissandi, 10 ára	Hellissandur
13.05.2004	Lkl. Kópavogs, 45 ára	Kópavogur
14.05.2004	Lkl. Bolungarvíkur, 45 ára	Bolungarvík
26.05.2004	Lkl. Björk, Sauðárkróki, 10 ára	Sauðárkrókur
28.05.2004	Fjöldumdæmis- og umdæmisþing á Sauðárkr.	Sauðárkrókur
29.05.2004	Lionsball á Sauðárkróki	Sauðárkrókur

Ritstjórapistill

Bolmagníð

Kunningi minn einn ákvað að hætta að reykja til að hann hefði bolmagn til að sjá fjölskyldu almennilega farborða. Þetta var á þeim tíma sem almenningur reykti og þurfti ekki að læðast út undir húsvegg af skömm til að fá sér smök og reyndar ekki einu sinni orðið eins óheilsusamlegt eins og það er í dag. Nokkrum vikum seinna var hann byrjaður að reykja aftur. Ástæðan? Hann varð ekki við neina fjárhagslega breytingu. „Sparnaðurinn fór bara í hitina“ sagði hann. „Ég sit víst uppi með það að hafa ekki bolmagn til að sjá fjölskyldunni almennilega farborða“.

Sumir vilja halda því fram að heilbrigðiskerfið okkar sé ekkert annað en ósejandi hit. Það má vel vera að svo virðist, en staðreyndin er nú samt sú að að þegar upp er staðið er það bolmagníð sem ræður för. Sumir telja að fjárframlög til heilbrigðismála eigi einfaldlega að byggja á grundvelli áætlunar um hvað þessi málaflökkur kostar. Aðrir telja fjárframlög til heilbrigðismála eigi að byggja á grundvelli þess fjár sem talið að sé til skiptanna í þjóðarúinu. Það hefur löngum reynst erfitt að brúa bilið þarna á milli.

Ár eftir ár er um það rætt og ritað að þjónustan hafi reynst umfram bolmagn þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til sparnaðar á ýmsum sviðum þjónustunnar.

Eitt er hvað ríkið á að gera annað hvað það getur gert og gerir. Lionsfé-

lagar gera sér grein fyrir því að þörfin er brýn víða og að hversu góður sem vilji þeirra er sem málum stjórna af hendi hins opinbera vantar mikið á að unnt sé að mæta þörfum allra sem um sárt eiga að binda. Kapphlaupið um þörfina er heilbrigðisþjónustunni erfitt og sem betur fer hafa Lionsfélgar á sumum sviðum getað stýtt bið eftir tæki eða þjónustu.

Það er ekki vafi að munað hefur um þau verkefni sem yfir áttatíu klúbbar um land allt hafa tekið sér fyrir hendur í árána rás. Á samfundi á Akureyri, sem sagt var frá í síðasta Lionsblaði, sagðist bæjarstjórnin, Kristján Þór Júlíusson, ekki hafa gert sér grein fyrir starfsumfangi klúbba þar í bæ fyrr en hann fór að kynna sér það vegna ávarps sem hann flutti á samfundinum. Ég hygg að þetta sé svo víðar, því yfirleitt fer starf Lionsklúbba hljóðar en þyrfti, einkum þau verkefni sem þeir sinna hverjir um sig.

En við og við taka allir klúbbarnir sig til og vinna að einu verkefni saman með hjálp almennings í landinu eins og gerist með Rauðufjarðarsöfnuninni um þessar mundir. Í því sambandi hljótum við að geta gert okkur í hugarlund hvernig sú upplifun er þegar börn þurfa að berjast við heilsuleysi sem gjörbreytir þeirra daglega lífshlaupi og oft fjölskyldunnar líka. Meiri gæfa hefur ekki hlotnast okkur hinum en að eiga heilbrigð börn

Ólafur Briem

Efnisinnihald
Rauða fjöðrin
Skoðun stjórnenda
LCIF
Samfundargildi
Hvað varð um selið?
Afslöppun
Að norðan
Framboð



Hörður Sigurjónsson fjöllumdæmisstjóri

Léttum þeim lífið með Rauðri fjöður

Framundan er mikið annríki hjá okkur Lionsfélögum; vorannir eru eru á næsta leiti hjá mörgum klúbbum sem keppast við að ljúka verkefnum sem þeir hafa verið að fást við áður en kemur að sumarhléum sem eru hjá flestum klúbbunum í hreyfingunni. En áður en að því kemur þurfum við að stilla saman strengi og vinna sameiginlega að STÓRU VERKEFNI.



Hörður Sigurjónsson

ir þá hafa þeir aldrei brugðist skyldu sinni. Allir hafa staðið saman sem einn maður við það að láta gott af sér leiða til samfélagsins og ég veit að svo mun einnig verða nú. Ég vil hvetja alla Lionfélaga til að vera mjög áberandi og LEGGJA LIÐ þessu göfuga verkefni.

Það er von mín að okkur takist með samstöðu að standa vel að þessari söfnun eins og okkur hefur tekist í þeim fjölmörgu söfnunum sem við höfum unnið að á undanförunum árum.

Fjöllumdæmis- og umdæmisfundir voru haldnir á veitingahúsinu Búðakletti í Borgarnesi laugardaginn 20 mars og tókust mjög vel. Fundargerðir nýafstaðinna funda eru komnar heimssíðu Lions.

Samfundir

Fjöllumdæmisstjórn hélt samfund á Höfn í Hornafirði 6.mars sl.og var hann í tengslum við svæðisfund sem haldinn var fyrr um daginn. Á samfundinn mættu um 40 félagar víðs vegar af suður- og austurlandi. Fundurinn var mjög góður og sannaði að

það er mjög nauðsynlegt fyrir yfirstjórn hreyfingarinnar að hitta félagana sem víðast á landsbyggðinni og fá upplýsingar um félagsstarfið og verkefni klúbbanna á þessum svæðum. Áður höfðum við verið með samfundi í Stykkishólmi og Akureyri. Næsti samfundur verður í Reykjavík 17. apríl nk.Ég vil hvetja félaga til að mæta á þessa fundi, til að koma sínum málum á framfæri og að enn betri tengslum við yfirstjórn hreyfingarinnar.

Ég vil þakka báðum klúbbunum á Hornafirði fyrir frábærar móttökur og skipulagningu við fundinn. Einnig vil ég þakka bæjastjóranum Albert Eymundssyni fyrir fróðlegt erindi og skemmtilega sjóferð og leiðsögn að fundi loknum.

Næsti samfundur verður haldinn í Lionsheimilinu Sóltúni 20, laugardaginn 17.apríl n.k.

Kynningafundur

Kynningarfundur Lionshreyfingarinnar verður haldinn í Lionsheimilinu Sóltúni 20. mánudaginn 29. mars nk. Þangað verður m.a. boðið fjölmörgu fólki sem tengt er langveikum börnum og það frætt um starfsemi okkar og fyrir hvað við stöndum.

Landsþingið

Landsþingið okkar verður haldið á Sauðárkróki í Skagafirði dagana 28.og 29. maí nk.

Þar munu koma saman Lionsfélagar af öllu landinu til að skiptast á skoðunum og ekki síst til að skemmta sér saman. Viðtakandi svæðisstjórar og stjórnarmenn í klúbbunum fara í skólana til að búa sig undir starfið framundan í embættum í sínum á næsta starfsári. Mökum er boðið á námskeið og í skoðunarferð um Skagafjörð og nágrenni.

Fjöllumdæmis- og umdæmisþing eru haldin, farið yfir málin, framtíðin rædd og kosnir nýir embættismenn til að stjórna hreyfingunni á næsta starfsári.

Við fáum í heimsókn góða erlenda gesti, fyrrverandi alþjóðaforseta Jim Ervin frá Bandaríkjunum, fulltrúa frá félögum okkar á Norðurlöndum og alþjóðastjórnarmanninn Erkki J. J. Laine og frú frá Finnlandi og Howard Lee og frú frá Bretlandi.

Þá ljúkum við þingið með LIONS-BALLINU sem allir félagar í hreyfingunni eru velkomnir á og tilvalið fyrir Lionsfélaga að fjölmenna þetta kvöld og skemmta sér með Skagfirðingum og Geirmundi sem eru annaðir fyrir skagfirsku sveifluna og skemmtilegheit.

Kristján Kristjánsson Lkl. Tý, formaður Rauðu fjaðrar nefndar:

Landssöfnun ýtt úr vör

Enn á ný er farið af stað með landssöfnun undir merki Rauðu fjaðrarinnar. Þetta er í áttunda sinn sem safnað er undir þessu merki. Fyrri safnanir hafa allar hreyft við mikilvægum málefnum, sem þjóðfélaginu hafði ekki tekist að koma í viðunandi farveg á þeim tíma sem safnað var. Þessar safnanir hafa staðið yfir í 32 ár eða á 4ra til 5 ára fresti. Til að byrja með voru fjaðrirnar seldar en nú í seinni tíð, eftir að söluáreiti hefur aukist, hafa þær verið gefnar og þá notaðar sem tákn fyrir landssöfnun Lions. Safnanirnar hafa allar verið á sviði heilbrigðis og félagsmála en þar hefur þörfin verið talin brýnust hverju sinni.

Þannig hafa fyrri safnanir verið vegna:

**augnlækninga
tannviðgerða
háls- nef- og eyrnalækninga
krabbameinslækninga
fjölfötunar
gigtsjúkdóma og
öldrunar**

Að þessu sinni er safnað vegna langveikra barna. Langveik börn er málaflökkur sem hefur fengið nokkra athygli á allra seinustu árum. Yfir 40 félög aðstandenda þessara barna starfa nú um allt land. Þessi félög eru sprottin upp af brýnni þörf og hafa það markmið að miðla þekkingu og

reynslu auk þess að knýja á um úrbætur fyrir sína skjólstaðinga. Þrátt fyrir góðan vilja hjá því opinbera verða alltaf til einhverja jaðartilfelli, ófyrirséð tilfelli eða erfið tilfelli sem passa ekki inn í þann farveg sem þessum málum er að öðru leyti búinn. Miklar tækniframfarir gera okkur líka kleift að koma fleiri börnum til hjálpar eða létta enn frekar undir þar sem meðhöndlun er þung. Langveik börn geta líka átt góða daga ef okkur tekst að búa þeim sterka og örugga umgjörð og skapa þeim fyllingu í lífið með tilbreytingu frá daglegu amstri.



Kristján Kristjánsson.

Gríðarleg vinna getur farið í að sinna hverjum einstaklingi í hópi langveikra barna. Það er vinna sem er lögð fram af foreldrum, ættingjum og heilbrigðisfólki af ósérhlífni og umhyggju.

Lionsmenn vilja með söfnunarátaki Rauðu fjaðrarinnar létta þessum börnum og þeirra fjölskyldum lífið. Ég vil þakka félögum mínum í Lions fyrir að leggja tíma sinn og atorku í þetta málefni og er þess fullviss að með samstilltu átaki tekst okkur enn einu sinni að hreyfa, svo um munar, við mikilvægu málefni í þjóðfélaginu.



Jón Kristjánsson:

Ávarp heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Þegar þjóðin leggst á eitt

Góðir landsmenn!

Enn einu sinni stendur Lionshreyfingin á Íslandi fyrir söfnun meðal allra landsmanna til styrktar góðu málefni með sölu Rauðu fjaðrarinnar. Að þess sinni verður söfnunin helguð langveikum börnum.



Jón Kristjánsson.

Sjö sinnum áður hafa Lionsfélagar leitað til landsmanna undir merki Rauðu fjaðrarinnar og með krafti sínum, hjartsýni og framsýni hrifið þjóðina með sér. Miklir fjármunir hafa safnast í hvert sinn sem hafa gert kleift að lyfta ýmsum Grettistökum til hagsbóta fyrir þá sem á ein-

hvern hátt standa höllum fæti í samfélaginu.

Fyrsta landssöfnunin fór fram 1972 þegar safnað var fé til stofnunar augnlækningadeildar Landakots. Í næstu söfnunum var safnað til tækjakaupa vegna tannlækninga þroskaheftra, til eyrnalækninga og til kaupa á línuhraðli fyrir

Landspítala. 1989 var safnað fé til byggingar vistheimilis fyrir ungmennti með varanlega fötlun, 1995 til stofnunar Rannsóknarstofu í gigtarsjúkdómum og á ári aldraðra 1999 fór fram söfnun til eflingar öldrunarþjónustu, að hluta til sameiginlega með hinum Norðurlöndunum.

Það er ómetanlegur styrkur fölginn í því þegar þjóðin leggst á eitt og sameinast til góðra verka. Styrkurinn felst ekki einungis í verkefnum sem söfnunarféð gerir að veruleika heldur einnig í þeim samhug sem myndast þar sem hver einasti landsmaður fyllist metnaði fyrir hönd þjóðarinnar um að sem best takist til.

Að þessu sinni verður safnað fyrir langveik börn og verður félögum sem styðja málefni þeirra barna ásamt Lionsklúbbunum gefinn kostur á að sækja um framlög til verkefna sem tengjast högum langveikra barna.

Það er vart hægt að ímynda sér neitt sárara en börn sem ekki fá not-

ið æsku sinnar með jafnöldrum sínum vegna sjúkdóma. Langvinn veikindi barna setja mark á allt líf fjölskyldna þeirra, foreldra, systkina og annarra ættingja.

Þótt erfitt sé að setja sig að fullu í spor þeirra fjölskyldna sem glíma við erfið veikindi barna er ég þess fullviss að þjóðin öll finnur til ríkrar samkenndar og samábyrgðar. Ég treysti því að landsmenn allir muni taka vel á móti söfnunarfólki Lionshreyfingarinnar, sýni góðan hug í verki og næli Rauðri fjöður í barminn. Ég minni líka á það sem svo oft hefur sannast að margt smátt gerir eitt stórt, enda er það hugarfarið sem skiptir mestu máli.

Rauða fjöðrin 2004

Framkvæmdin

Rauðu fjöðrin verður í sviðsljósinu þetta vorið hjá Lionsmönnum. Söfnunin er mikið átak hverju sinni fyrir alla hreyfinguna að takast á við. Að þessu sinni er safnað fyrir langveik börn og reiknað með að Lionsklúbbar og félög aðstandenda langveikra barna fái tækifæri til að sækja um styrki til verkefna, sem tengjast þessu málefni. Úthlutunarreglur verða kynntar síðar.

Það kemur á óvart í hvert sinn sem svona söfnun fer af stað hversu erfitt er orðið að velja verkefni sem hæfir vel fyrir landssöfnun. Síðustu tvö Rauðu fjaðrar verkefni skorðu ekki hátt á vinsældarlista þjóðarinnar þótt þau væru bæði brýn og góðra gjalda verð. Kröfur til samfélagsþjónustunnar eru orðnar miklar og skilningur á þörf fyrir landssöfnun minnkar að sama skapi. Þetta lýsir sér bæði í lakari viðtökum almennings og þverrandi krafti félagsmanna í hreyfingunni sjálfri. Eina leiðin er að gera þetta sem skemmtilegast og ná upp góðri stemmningu bæði meðal almennings og félaganna.

Að þessu sinni setur hreyfingin sér þrjú markmið, sem er niðurstaða úr greiningu í báðum umdæmisstjórn-

um haustið 2002. Þessi markmið eru:

Að safna fé til líknarmála

Að styrkja ímynd Lions

Að styrkja samkennd félaganna

Þannig er nú lögð áhersla á að það er ekki síður mikilvægt að Lionsmenn geti komið stoltir að þessu verkefni, geti látið gleðina skína og þannig vakið áhuga annarra að taka þátt í okkar störfum. Það er líka mikilvægt að félagarnir finni vel hver fyrir öðrum í starfi og skynji vel það öryggi og þann stuðning sem það veitir að standa þétt saman að verkefninu.

Framkvæmdin sem snýr að klúbbunum er tvíþætt. Annars vegar þarf að ná til almennings og hins vegar þarf að ná til fyrirtækja. Í ár var ákveðið að nota söfnunarbauka til að ganga í hús eða standa við stórmarkaði til að ná til almennings en líka verða auglýst símanúmer og bankanúmer sem fólk getur nýtt sér. Fyrirtækjasöfnunin getur reynt meira á útsjónarsemi, skipulagshæfileika og tengslanetið sem Lionsmenn hafa inn í fyrirtækin um allt land. Reynslan hefur sýnt að þar dugur best að þekkja vel til ef góður árangur á að nást.

Valdir hafa verið listmunir, tvö misstórgegg, gerð af Koggu og skreytt af Magnúsi Kjartanssýni. Þetta eru eigulegir munir og fyrirtækjaprýði hvar sem er. Fyrir þau fyrirtæki sem ekki treysta sér í egginn verða til sölu pennar með merki Rauðu fjaðrarinnar. Valdir voru nettir pennar og gæðin sérstaklega höfð í huga. Reiknað er með að hver klúbbstjórn skipuleggi söfnun á sínu svæði. Klúbbarnir ráða því hvort félagarnir fara sjálfir af stað með baukana eða fá önnur félög til aðstoðar.

Æskilegt er að klúbburinn feli fulltrúa eða nefnd Rauðu fjaðrarinnar í klúbbnum að skipuleggja söfnunina á sínu svæði; ráða fólki á ákveðnar götur eða við stórmarkaði eftir atvikum og tryggi þannig að engir verði útundan eftir því sem hægt er.

Það að fá aðra hópa eða önnur félög til að vinna fyrir Lions er í sjálfu sér jákvætt. Það styrkir ímynd okkar og breiðir út hugsjónina um leið og það getur stutt við bakið á þessum hópum og félögum í þeirra starfi.

Þeim markmiðum: „að styrkja ímynd Lions og samkennd félaganna“, er hægt að ná, annars vegar með því að Lionsmenn komi fram sem vel merktur hópur og hins vegar með því

að klúbbstjórnin skipuleggi einhverja atburði í söfnunarvikunni til að gera söfnunarstarfið skemmtilegt fyrir félagana.

Að lokum vil ég þakka öllum Lionsmönnum fyrir að leggja sitt af mörkum í þessu sameiginlega átaki hefyngingarinnar, með þá von og trú að það verði lyftistöng fyrir Lionsstarfið í framtíðinni.

Kristján Kristjánsson

Formaður Rauðu fjaðrar nefndar



Gunnhildur Hreinsdóttir, móðir langveiks drengs

Verður ekki með orðum lýst

Í septembermánuði árið 1994 leit hárrprúður og gullfallegur drengur dagsins ljós á fæðingardeild Landspítalans. Hann var þriðja barn okkar hjóna. Fyrir áttum við tvo heilbrigða drengi og fannst okkur einn heilbrigður drengur í viðbót vera mikil blessun.

Áfallið

Sólarhring eftir fæðingu hans kom í ljós að nýi fjölskyldumeðlimurinn gekk ekki heill til skógar. Hann var alvarlega veikur og þurfti að fara sem fyrst til Bandaríkjanna í mikla aðgerð ef hann ætti að eiga einhverja von í þessu lífi. Áfallið var gifulegt og þegar ég lít til baka og rifja upp þær tilfinningar sem bærðust í brjósti okkar þennan tíma var í raun ekkert sem gat búið okkur undir þau átök sem biðu okkar.

Sonur okkar fæddist með mjög sjaldgæfan og alvarlegan hjartagalla. Þessi galli lýsir sér þannig að báðar stóru slagæðarnar til hjartans, lungnaslagæð og ósæð, koma út út hægra hjartahólfi en í heilbrigðu hjarta koma þessar æðar út um sitt hvort hjartahólfið. Hann var einnig með stórt op á milli hólfanna.

Milli heims og helju á barnspítala í Boston

Þegar drengurinn var þriggja vikna vorum við komin með hann á Children hospital í Boston. Hann fór í aðgerð viku síðar eftir miklar og erfiða rannsóknir. Ekki gátu læknar sagt okkur nákvæmlega hvernig þeir ætluðu að laga hjarta hans, það yrði bara að ráðast þegar þeir væru búnir að opna hann. Það sem var gert til að lagfæra þennan galla var að gerviað var tengd út úr hægra hjartahólfi yfir í vinstra hjartahólf í gengum opið sem var á milli hólfanna. Síðan var græddur efnisbútur í kringum til að loka restinni af opinu.

Biðin á meðan á aðgerðinni stóð var okkur erfið og jafnvel enn erfiðari fjölskyldu okkar sem beið heima á Íslandi. Aðgerðin tók tæpa 5 klukkutíma en fyrir okkur var þessi tími eins og heil eilíf. Aðgerðin gekk vel en ekki myndi hún duga til frambúðar, hann þyrfti á fleiri aðgerðum síðar. Þegar við fengum að sjá hann eftir aðgerðina urðum við fyrir miklu áfalli. Hann var með stóran skurð á brjósti og tengdur við öndunarvél og alls kyns slöngur og tæki. Fyrir aðgerðina leit hann ekki út fyrir að vera mikið veikur en þarna lá hann og

barðist fyrir lífi sínu. Sonur okkar lá á milli heims og helju í 5 sólarhringa eftir aðgerðina, þá loksins birti til og hann var vakinn rólega af svæfingunni.

Farginu létt af

Miklu fargi var létt af okkur foreldrunum og við ákváðum að hugsa bara um líðandi stund. Að vísu var búið að segja okkar að drengurinn þyrfti á annarri hjartaaðgerð að halda seinna en við vorum ekki að hafa áhyggjur af því þá. Þremur vikum síðar fengum við leyfi til að fara aftur heim til Íslands og þreyttir en ánægðir foreldrar flýttu sér sem mest þeir máttu út á flugvöll með drenginn. Ég minnst þess að ég leit ekki til baka í leigubílnum af ótta við að einhver læknir væri hlaupandi á eftir okkur og hætt væri við að leyfa okkur að fara.

Eftir heimkomuna hélt lífið hjá okkur áfram og við hlúðum vel að syni okkar og vorum viss um að núna væri allt búið og við gætum farið að lifa eðlilegu fjölskyldulífi. Við foreldrar vorum að vísu útkeyrð af þreytu en við létum ekki á því bera, gleðin yfir því að hafa getað komið með barnið heim eftir þessa erfiðu aðgerð varð öllu yfirsterkari.

Annað áfall

Fljótlega kom í ljós að eitthvað meira var að því drengurinn okkar nærðist illa og varð slappari og fölari með degi hverjum. Rúmum tveimur mánuðum eftir heimkomuna var mjög af honum dregið og hann orðinn svo slappur að hann hafði ekki orku í að gráta og hreyfði sig lítið. Hann var í framhaldi af því lagður inn á barnadeild Hringins og aftur tóku við margar rannsóknir. Í ljós koma að drengurinn var mjög lár í blóði, kominn undir hættumörk. Honum var gefið blóð og slanga þrædd í gegnum nefið ofan í maga til að nærja hann. Rannsóknir sýndu að beinmergurinn framleiddi ekki rauðu blóðkornin, hvers vegna var ekki vitað.

Blóðsjúkdómurinn

Eftir mánaðardvöl á barnadeildinni var okkur tjáð að hann væri með einhvers konar blóðsjúkdóm og þyrfti líklega reglulegar blóðgjafir. Enn fleiri rannsóknir voru gerðar og u.þ.b. 7 mánuðum síðar fékk hann sjúkdómsgreiningu. Greiningin var blóðsjúkdómur, sem kallast Diamond Blackfan Anemia, sem er mjög sjaldgæfur sjúkdómur. Talið er að um 400 manns hafi þennan tiltekna blóðsjúk-

dóm í heiminum. Þetta er að genagalli sem enn í dag er ólæknanlegur. Sjúkdómurinn lýsir sér í því að beinmergurinn framleiði ekki nógu mikið eða jafnvel ekkert af rauðum blóðkornum og þar af leiðir alvarlegt blóðleysi, slappleiki og lystarleysi.

Blóðgjafir og næringarefni

Drengurinn var settur á steralyf sem hjálpa honum að framleiða rauð blóðkorn, en þó virka lyfin ekki nógu vel því hann þarf enn á blóðgjöfum að halda en þó ekki reglulega. Ef hann fær hita eða slæma flensu virka lyfin ekki. Við megum aldrei sofna á verðinum verði hann fyrir blóðmissi eftir t.d. meiðsli eða eftir miklar blóðnasir getur hann þurft á blóðgjöf að halda. Blóðsjúkdómnum fylgja ýmis önnur vandamál. Ónæmiskerfi hans er lélegt og er hann mjög viðkvæmur fyrir flensu og alls konar sýkingum og þ.a.l. þarf hann oft á sýklalyfjum að halda. Vegna lystarleysis hefur hann átt í næringarvandamálum alveg frá fæðingu, þ.e. hann þyngist ekki eðlilega. Sem ungarbarn fékk hann vítamínsprautur og næringardrykki á spítalanum, en þegar hann varð eldri gátum við munið vítamíntöflunar út í matinn hans. Þegar hann varð 6 ára byrjuðum við að gefa honum Build up næringardrykki reglulega sem við blöndum út í matinn hans.

Framtíðarvonir með langvinnan sjúkdóm

Það er ekki hægt að lýsa því með orðum hvernig okkur leið við að fá þær fréttir að litla barnið okkar væri með langvinnan sjúkdóm. Hvernig var hægt að leggja svona þunga byrði á lítið barn? Var ekki nóg fyrir hann að fæðast með hjartagalla sem ekki var einu sinni búið mál? Hvaða líf átti hann fyrir höndum með tvo erfiða sjúkdóma í farteskinu? Sálartetur mitt var gjörsamlega í rúst og ég var með öllu ófær um að hugsa um hina drengina mína, ég óttaðist að ég myndi ekki valda þessu og gefast bara upp.

Staða foreldra

Þegar foreldrar standa frammi fyrir aðstæðum sem þessum þurfa þeir sál-gæsuaðstoð. Við sóttum það að fá slíka aðstoð en því miður fengum við hana ekki á spítalanum. Það er mjög erfitt að viðurkenna það að þurfa á sál-gæsuaðstoð að halda og enn erfiðara að biðja um hana og þiggja. Læknir sonar okkar gekk í það að tjasla okkur saman andlega. Jafn-

framt því að vera læknir sonar okkar veitti hann okkur ómetanlega hjálp og hvatningu og aðstoðaði okkur með okkar réttindi hjá Tryggingarstofnun ríkisins.

Samheldin fjölskylda

Við fórum aftur til Boston þegar sonur okkar var 4 ára þar sem hann gekkst undir aðra hjartaaðgerð sem líka heppnaðist vel. Í það skiptið fóru bræður hans og systir mín með okkur og við teljum að það hafi átt sinn þátt í því, hve vel drengnum gekk að jafna sig eftir þá aðgerð. Eftir þá aðgerð tókum við þá ákvörðun, sonar okkar vegna, að við skyldum læra að vinna með veikindum hans og líta á þau sem eðlilegan hlut í okkar lífi. Til þess að svo geti verið höfum við þurft á aðstoð margra að halda með að sinna honum. Við erum svo heppin að eiga góða fjölskyldu sem stendur þétt við bakið á okkur og aðstoðar okkur eftir bestu getu.

Sonur okkar hefur verið mikið inn og út af barnadeildinni alla sína ævi. Líf okkar er í fastri rútínu. Við erum löngu hætt að berjast við sjúkdóm hans, það þjónar engum tilgangi, við fáum honum ekki breytt. Í dag er sonur okkar á 10. ári og gerir sér vel grein fyrir veikindum sínum. Hann lítur ekki á sig sem sjúkling, í hans huga finnst honum ekkert mál þó að hann sé með sjúkdóm. Hann þekkir ekkert annað. Við svörum spurningum hans varðandi sjúkdóminn eftir bestu getu, en tókum þó mið af aldri hans og getu til að skilja gang sjúkdómsins. Hann er enginn orkubolti og getur ekki tekið fullan þátt í leikfimi og öðrum leikjum í skólanum en hann bætir sér það upp með því að slást við bræður sína, þar stjórnar hann.

Framtíðin

Hvað ber framtíðin í skauti sér? Við höfum oft spurt okkur að því en fátt er um svör, tíminn verður að leiða það í ljós. Drengurinn á eftir að fara í a.m.k. eins stóra hjartaaðgerð en við vitum ekki nákvæmlega hvenær það verður. Hann kemur til með að fara í blóðgjafir það sem eftir er ævinnar eða þar til lækning finnst. Þrátt fyrir þetta lítum við björtum augum á framtíðina. Búið er að staðsetja genagallann sem veldur sjúkdómnum og næsta skref er að þróa meðferð gegn honum. Hvenær það verður er óráðið enn í dag. En við erum bjartsýn og vitum að það mun gerast.



Pórunn Gestsdóttir umdæmisstjóri umdæmi 109A

LÍFSINS FLJÓT

Fljótið rennur yfir slétt firnindi, niður fossa og yfir flúðir. Íbúar jarðar hafa löngum fest rætur við árbakka, eða við litinn bæjarlæk er rennur í stærri á. Og áin rennur í héraðsfljótið sem oft er lífæðin. Áburður fljótsins skilar sér og nýtist íbúunum, bátum og kænnum er siglt eftir fljótinu, stundum í fæðuleit og stundum með afurðir. Landnám og stofnbyggðir voru gjarnan numin og reist við stærstu fljótin.

Starfinu í Lions, verkefnum, góðum gjörðum er græða og bæta samskipti þjóða má líkja við fljót er rennur um 193 þjóðlönd í heiminum.

Í starfi mínu sem umdæmisstjóri í umdæmi 109A hef ég víða farið, hitt Lionsfélaga heima og að heiman, í smáum og stórum hópum. Ég hef verið á fundum í umdæminu, heim sótt rétt um þrjátíu klúbba en hitt og rætt við félagi á fjörutíu klúbbum. Ég hef farið meðfram bæjarlæknum.

Þræðir og nýjar hugmyndir

Tveir umdæmisstjórnarfundir, sjö



Pórunn Gestsdóttir.

svæðisfundir og þrjár samfundir eru að baki. Nánast í hverri viku hittist fjölum-dæmisstjórnin og fer yfir þau mál er þarfnast úrlausnar.

Þessi reynsla víkvar sjóndeildarhringinn.

Ég hef verið Lionsfélagi í tuttugu ár og hef á þessum tíma starfað í mínum klúbbi

Lkl.Eir og um tíma var ég gestafélagi í Lionsklúbbi Ísafjarðar. Þá hef ég verið í umdæmisstjórnnum og fjölum-dæmisráði. Um sex ára skeið ritstýrði ég Lionsblaðinu og flestallir þræðir hreyfingarinnar innanlands sem utan koma þar við sögu. Þannig að einhverja hugmynd um Lions-hreyfinguna var ég með í fartesk-inu þegar ég gaf kost á mér sem varaumdæmisstjóri vorið 2002.

„Maður getur alltaf á sig blómum bætt“ svaraði hún Tóta litla tindilfætt - stendur í litlu kvæði og haft eftir nöfnu minni. Sannarlega hefur reynsla á yfirstandandi ári bætt í reynslusarpinn og aukið þekkinguna (blómin).

Á fundum hjá klúbbum eða svæðis- og samfundum hef ég alls staðar fundið jákvæðni og kraft í fé-

lögnum. Verkefni eru ótrúlega fjölbreytt, hugmyndaflugið ótakmarkað og vináttan ríkjandi.

Nýjar hugmyndir og verklag og breytingar á fundafyrirkomulagi hafa víða verið ræddar. Umræðan snýst um að hafa félagsfundi í hverjum mánuði allt árið, s.s. einn félagsfund í mánuði og síðan verkefna- og skemmti-fræðslu-

fundi í annan tíma er hugmynd sem sáð hefur verið. Þá er gjarnan vísað í reynslu félaga í Lkl. Nirði (sjá grein hér í blaðinu eftir DÞ). Ísland er líklega eina Lionslandið í heiminum sem setur starfseminu í sumardvala.

Við léttum þeim lífið

Rauða fjöðrin - fjöðrin í okkar Lionshatt, stór söfnun framundan.

Við munum leggja þar lið, sýna hinn kunna samtakamátt og finna samhljóminn. Við ætlum að létta langveikum börnum lífið og með aðstoð þjóðarinnar ljúkum við áttundu Rauðu fjaðrar söfnuninni á næstunni. Jákvæður árangur mun létt mörgum börnum lífið í náinni framtíð.

Verk Lionsmanna í 193 þjóðlöndum og framlögin sem Lionsfélagar leggja til alþjóðasamfélagsins nema um fjörutíu milljörðum íslenskra króna á ári.

Þegar heimsmyndin er skoðuð má líkja starfsemi og afrakstri Lionsmanna við stórflyót - lífsins fljót. Góðar hugmyndir verða að veruleika, gengið er til móts við þá sem minna mega sín um víða veröld, með fjármunum, ráðgjöf og vinnu flýtur af rakstur verkanna um veröld víða **sem lífsins fljót**. Það nærir og bætir.



Einar Þórðarson umdæmisstjóri 109B.

Fimmta hanagal:

Ræktum samstarfið

Á alþjóðþinginu í Denver í fyrra talaði maður að nafni Tom Sulliwán. Hann sagði að Lionshreyfingin hefði breytt lífi sínu. Hann fæddist blindur og var foreldrum hans ráðlagt að vista hann á stofnun þar sem ekki var hægt að lækna hann. Foreldrarinn samþykktu það ekki og reyndu allt til að



Einar Þórðarson.

hjálpa drengnum. Mig langar að deila með ykkur smá kafla úr frásögn hans: „... Það leit út fyrir að líf mitt mundi takmarkast við girðinguna í kringum húsið heima og mína takmörkuðu skynjun. En þá gerðust frábærir hlutir. Faðir minn gekk í Lions og allt í einu eignaðist ég marga leik-

félaga sem voru klúbbfélagar pabba. Þeir léku ekki aðeins við mig, þeir gjörbreyttu lífi mínu. Þeir bjuggu til leiki sem gerðu það að verkum að ég gat leikið við önnur börn. Sem dæmi þá var einn þeirra rafvirki og tengdi bjöllu við körfubolta. Ég varð bestur í að hitta í körfu í

hverfinu, sérstaklega eftir myrkur. Annar félagi pabba fann út hvernig hægt væri að setja bjöllu inn í körfubolta. Úr varð leikur sem blindir krakkar eru nú að leika um allan heim og heitir Beep basketball. Lionsfélagar óku mér í og úr skóla og lásu fyrir mig þegar ég gekk í há-

skóla. Þegar ég útskrifaðist þaðan þá var ég í hópi þeirra 10 bestu í mínum árgangi....“

Þarna er verið að segja frá frábæru starfi Lionsfélaga sem breyttu lífi ungs drengs. Sumt var leyst með hugmyndafluginu og annað með þátttöku í starfi, engin fjársöfnun. Þessi frásögn sýnir hvað hægt er að gera þegar maður er með opinn huga og vill styðja við verðugt verkefni. Það er allt hægt ef ef viljinn er fyrir hendi. Ég nefni þessa frásögn vegna þess að ég sé tækifæri í nýliðun. Tækifæri þar sem við höfum ef til vill ekki horft til en eru okkur þó svo nálæg - og þau byrja á samstarfi. Við eigum að koma á tengslum við önnur félagasamtök. Í stað þess að

keppast við þau um félagana þá eigum við að fara í samstarf og bjóða fram tvö okkar sterkustu vopn, sem eru að við erum af báðum kynjum og dreifð um allt land. Þannig kynnum við hreyfinguna og gerum hana jafnframt áhugaverða. Rauðu fjaðra söfnunin er á næsta leiti og markmið hennar er að létta langveikum börnum lífið. Við erum líknarhreyfing og hvað er göfugra en að styðja við bakkið á fjölskyldum barna með sérþarfir?

Öll höfum við tækifæri til þess að taka frumkvæði og láta eitthvað gerast. Ekki bíða eftir frumkvæði frá öðrum. Fólk heyrir það sem við segjum, en það sér það sem við gerum. Sjón er því sögu ríkari. Látum verkin tala.

Hvernig gengur?

Eftir Dr. Tae-Sub Lee, alþjóðaforseta Lions

Eitt af aðal markmiðum mínum þetta starfsár var að þeir sem gengju til liðs við hreyfinguna yrðu fleiri en þeir sem af ýmsum ástæðum hættu. Til að geta samræmis við einkunnarorð okkar 2003-2004, „Nýbreytni - Hliðið að framtíð Lions“. **Það ég Lionsfélaga um heim allan að setja sér raunhæf markmið varðandi inntöku nýrra félaga, nauðsynlega forsendu þess að klúbbar væru kraftmikil framsækin forusta í samfélaginu og sýndu þann hug sem færði heim sanninn um hugmyndafræði Lions að „Leggja lið“.**

Frá upphafi starfsárs þann 1. júlí hafa 44.730 nýir félagar bæst í hópinn og síðustu tölur sýna að virkir félagar eru nú 1.354.397 í 45.978 klúbbum. Ég hef lagt á það áherslu á undanförunum mánuðum hversu áriðandi það er að fjölga konum í hreyfingunni og gefa þeim tækifæri, sem félagar í stærstu og virkustu alþjóða þjónustuklúbbasamtökum í heimi, að leggja lið í sínu bæjarfélagi. Konur eru 52% af fólksfjölda heimsins en, því miður, aðeins 14% af félagafjölda hreyfingarinnar. Þetta er staða sem ég lagði áherslu á að þyrfti strax að breytast. Frá því að konur fengu fyrst aðgang að Lionsklúbbum árið 1987 hafa þær styrkt



Dr. Tae-Sub Lee.

klúbba sína með áhuga, þjónustulund og forustu-hæfileikum.

Konur eru nú rúmlega tvö hundruð þúsund í klúbbum um heim allan. Ég er sérstaklega stoltur af því að geta sagt ykkur að það sem af er þessu starfsári hafa 12,000 konur gengið til liðs við hreyfinguna.

Þetta er met, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að fjölgunin nemur venjulega aðeins 6.500 á árs grundvelli. Aðferðir þær sem við höfum kynnt um frumkvæði til að vekja áhuga kvenna á gildi þess að ganga til liðs við Lionshreyfinguna fyrir eigin hag og samfélagsins er greinilega að bera árangur. Ég lít hjörtum augum til þess að Lionsklúbbar notfæri sér enn frekari nýbreytni á komandi árum sem staðfesti takmarkalaust gildi sem þessi óplægð akur hefur fyrir fjölda þeirra sem fylkja vilja liði í nafni Lionshreyfingarinnar.

Annar hópurinn sem ég legg áherslu á þetta ár er „fjölgunar kynslóðin“. Þeir sem fæddir voru frá 1946 til 1964. Þeir eru, almennt séð, taldir betur menntaðir, í öruggara starfi og líklegri til að láta hendur standa fram úr ermum í samfélaginu en kynslóðirnar á undan þeim. Augljóslega verða ekki aðrir betri fundnir til að ganga til liðs við Lions-

klúbba. Samt er það svo, eins og í tilfelli kvenna og annarra sem til greina geta komið, að það þarf að spyrja þá hvort þeir vilji ekki slá til. Félagsaðild er aðeins á grundvelli boðs þar um og þess vegna verðið þið að ná til þeirra. Ég get fullvissað ykkur um að það verða ekki þeir sem koma og banka upp á hjá ykkur.

Það gleður mig að geta sagt frá því að það fjölgar einnig í frumkvæðis-

klúbbunum okkar. Starfandi eru nú 426 deildir, 154 svokallaðir „Nýaldar“ klúbbar og 247 Skólaklúbbar. Þarf skapandi fjölgunarstarf frekari vitnanna við? Er lífsmark sem þetta í nokkrum öðrum samtökum? Verið þess minnug að það er sama hvar áherslur ykkar liggja. Það verkefni sem hafa verður í heiðri allt starfsárið er að ná í nýja félaga. Það er óhjákvæmilegt að þið séuð, hvar sem þið búið, stöðugt í leit að þeim sem hafa eiginleika til að verða góðir Lionsfélagar. Svo bjóðið þið þeim í klúbbinn.

Hafið líka í huga að það er eins mikilvægt að félagar hætti ekki eins og að ná í nýja. Þegar Lionsfélagi kys að hætta þá er það venjulega félögum um að kenna, annað hvort vegna þess að kynnin við klúbbstarfið og félagana sem fyrir eru hefur mistekist eða, það sem líklegast er, að þeim hafa ekki verið falin nein verkefni við þeirra hæfi. Það er skylda allra félaga að sjá til þess að félagar þeirra hætti ekki, skylda sem ber að taka alvarlega. Það er greinilegt að félagarnir gera sér grein fyrir nauðsyn þessa, því tölur sýna að áætlun, sem miðar að því að koma í veg fyrir að félagar hætti, sýnir 4000 félaga viðsnúning milli ára að því er þetta varðar.

Ég hvet ykkur til að beita öllum ráðum til þess að fjölga félögum í klúbbnum ykkar og sýna, á þessu sviði, hvernig það frumkvæði ykkar opnar hliðið til framtíð Lions.



Á embættisári sínu ferðast alþjóðaforseti víða um heim. Hér er hann staðdur í Singapore þar sem hann afhenti forseta landsins, S.R.Nathan, viðurkenningu alþjóðastjórnar.

Kveðja frá formanni LCIF 2002-2003

Alþjóðlegt hjálparstarf Lions

„Vil leggjum lið“ eru einkunnarorð Lionsmanna. LCIF hefur einnig starfað samkvæmt þeim. Í gegnum LCIF hjálpar Lions blindum að endurheimta sjónina, leggur fórnarlömbum náttúruhamfara til mat og fót, eykur ungmennum lífsleikni með Lions-Quest námsefninu og auðveldar fötluðum lífið með þjálfun.

Ég er stoltur að geta greint frá því að LCIF slakaði í engu á kröfum sínum á árinu 2002-2003, náði enn meiri árangri í yfirstandandi verkefnum og bryddaði uppá nýjum með mannúðina að leiðarljósi.



J. Frank Moore.

LCIF veitti 504 styrki að upphæð 30.9 millj. bandaríkjadala á árinu 2002-2003. Styrkirnir hjálpa tugmilljónum manna til þess að njóta heilsusamlegs og skapandi lífs.

Ég hvet ykkur til þess að lesa ársskýrslu LCIF og kynna ykkur þar með starf LCIF. Hér skal getið nokkurra athyglisverðustu verkefna síðasta árs:

* Komið var í veg fyrir blindu hjá milljónum og aðrar endurheimtu sjónina. LCIF skráði 50 milljónumstu lækningu fljótblindu. Nýtt

átak vegna vagls í auga stendur yfir í 21 landi og verkefnið Frumkvæði gegn barnablindu er í undirbúningi í fimm heimsálfum.

* Sjóður LCIF til aðstoðar fórnarlömbum hörmunganna frá 11. september hjálpaði þúsundum að takast á við sorgina og koma lífi sínu í rétt horf með aðgangi að sorgarathvarfi, skammtíma fjárhagsaðstoð og atvinnuþjálfun

* LCIF tekur þátt í að hanna, framleiða og dreifa hágæða, ódýrum heyrnartækjum. Lions á eftir að vera í fararbroddi í því að bæta líf heyrnardauffra.

* Lions-Quest er nú kennt í enn fleiri skólum. Mörg þúsund skólabörn bætast í hóp þeirra sem eiga þess kost að þjálfa sig í að taka farsælur ákvarðanir, bera ábyrgð og eiga betri samskipti við aðra.

Stuðningur Lions og styrktaraðila gerir okkur kleift að ná settu marki í viðleitni okkar. Ég færi Lions einlæggar þakkir og styrktaraðilum okkar þakka ég traustið. Haldið áfram að styrkja okkur, starf okkar veltur á því.

Með Lionskveðju,

J. Frank Moore III,
formaður LCIF 2002-2003.

Edda J. Briem Lkl. Engey LCIF-fulltrúi 109B

Alþjóðahjálparsjóður Lions

Út er komin ársskýrsla Alþjóðahjálparsjóðs Lions, LCIF, fyrir árið 2002-2003. Skýrslan er mjög ýtarleg og gefur glögga mynd af því gríðarmikla og góða starfi sem sjóðurinn hefur unnið frá upphafi og vinnur enn í dag.



Einar
Þórðarsonn.

að þeir peningar sem renna í sjóðinn skipta máli og er varið í verðug verkefni.

Hér á eftir er stiklað á stóru og getið nokkurra þeirra verkefna þar sem LCIF hefur látið til sín taka.

Fjórar stjórnur fyrir LCIF hjálparsjóðinn

Sú viðurkenning sem sjóðurinn fær fyrir skilvirkan rekstur, og vitnað er í hér á eftir, hlýtur að vera uppörvandi fyrir þá fjölmörgu sem styrkja sjóðinn með framlögum sínum. Það sýnir svo ekki er um villst

kunn annað árið í röð frá Charity Navigator, óháðu fyrirtæki sem metur rekstur góðgerðarstofnana. Stjórnugjöfin miðast m.a. við árangur fjárveitinga til skammtíma- sem og langtíma verkefna.

LCIF fékk hæstu ein-

Í umsögn Charity Navigator, sem tók til athugunar 2.500 góðgerðarstofnanir í Bandaríkjunum segir:

„Fjögurra stjórnunni viðurkenning þýðir það að stuðningsaðilar LCIF geta treyst því að reynt er að hámarka nýtingu fjárframlags þeirra. Að fá fjórar stjórnur annað árið í röð er einstakur árangur miðað við þá óvissu í efnahagslífinu sem hefur haft áhrif á starfsemi góðgerðarstofnana í ár.“

LCIF-styrkir til fatlaðra 2002-2003

LCIF styrkir fatlaða við að byggja og/eða stækka skóla og starfsþjálfunarstöðvar sem aftur hjálpar hinum

fötluðu að lifa sjálfstæðara og innihaldsríkara lífi. Alls veitti LCIF 73 styrki til ýmissa samtaka fatlaðra á árinu að upphæð 4,2 milljón dollara.

Opnum augun

Proskaheftir eiga við ýmsa erfiðleika að etja sakir fötlunar sinnar, og kannski einmitt þess vegna ferst það oft fyrir að þeir láti athuga sjónina.

LCIF og Lions gengu til liðs við Special Olympics (The Special Olympics-Lions Clubs International Opening Eyes Program) og hafa boðið upp á sjónpróf fyrir þroskahefta í-þróttamenn í keppni. Er þá útteilt ókeypis gleraugum og hlífðargleraugum á staðnum til þeirra keppenda sem þarfnast þeirra.

Alls hafa yfir 41.713 þroskaheftir einstaklingar farið í sjónpróf hjá Opening Eyes og af þeim hafa 16.400 fengið gleraugu skv. lyfseðli sér að kostnaðarlausu.

Opening Eyes verkefnið hófst árið 2001 með 3.3 millj. dollara framlagi LCIF og hafa náðst samningar um áframhaldandi samstarf Lions og Special Olympics um sjónpróf fatlaðra til 30. júní 2005.

LCIF hjálpar heyrnardaufum

Heyrnardaufir eru hópur sem gjarnan er litið framhjá, sérstaklega í þróunarlöndunum. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin áætla að a.m.k. 250 milljónir fólks lifi við fötlun sakir heyrnarskerðingar. Heyrnartæki eru dýr og stendur það fátækum fyrir þrifum.

LCIF hefur brugðist við vandanum með því að styrkja Lions Affordable Hearing Aid Project (AHAP) um 600.000 dollara en AHAP vinnur að því að hanna, framleiða og dreifa, hágæða ódýrum heyrnartækjum. Venjulegt heyrnartæki í Bandaríkjunum kostar um 1.450 dollara, en tækin sem AHAP er að framleiða verða seld fyrir á bilinu 0-500 dollara, allt eftir fjárhag viðskiptavinarins. Reiknað er með að sala tækjanna í ríkari löndum greiði niður verðið í þeim fátækari.

„Topp tuttugu“ umdæmin í framlögum til LCIF

Af þeim tuttugu Lionsumdæmum í heiminum sem mest létu af hendi rakna til LCIF árið 2002 - 2003 eru átján í Japan, hin tvö eru í Kóreu.

Umdæmi 334-A í Japan á þar vinnuginn, en það hefur lagt fram langmest eða 1.104.736 dollara! Umdæmi 335-B í Japan kemur næst á eftir með 523.781 dollar.

Jón Eyjólfur Jónsson, Lkl. Nirði, menningarstjóri Lions

Orkester Norden

Ungt íslenskt tónlistarfólk stendur sig afburða vel. Íslendingar eiga hlutfallslega flesta þátttakendur í Orkester Norden

Orkester Norden er að hefja sitt 14. starfsár.og því við hæfi að greina aðeins frá sögu hennar. Það hófst allt með gjöf til fyrrum alþjóðaforseta Lions, S. Ákerstam. Hann lagði til að gjöfin, hagnaður af ráðstefnu um vímuefnavandann (narkotika) 1987, yrði notaður til að styrkja ungmenningarstarf. Þáverandi ritari NSR, Lennart Fridén, fékk það verkefni að koma með tillögu og niðurstaðan varð Orkester Norden. Norræna Félagið og Lions NSR gerðu síðan samning, sem í upphafi var til þriggja ára um kostun á þessari hugmynd. Þetta var árið 1993.

Að fyrstu þremur árum liðnum, mælti NSR með að Lionsklúbbarnir styddu tónlistarfólkið með 3000 sænskum krónum hvert.

Hinn heimsfrægi stjórnandi Esa Pekka Salonen varð listrænn stjórnandi frá byrjun.

Orkester Norden hefur komið víða fram m.a. við vísu sendiráða Norðurlanda í Berlín 1999, Í Kaupmannahöfn 2000 og við fimmtíu ára afmæli Norræna ráðsins í Helsingfors 2002, auk árlegra tónleika sinna og tónleikaferða.

Af tónskáldum eru það Sibelius og Grieg sem hafa verið vinsælastir.

Stjórnendur hafa m.a. verið Esa Pekka Salonen, Leif Segerstam, Paavo Järvi, Okko Kamu, Tuomas Olilla, Stefan Solyom og Susanna Mälkki.

Heiðursforsæti: Vigdís Finnbogadóttir f.v. forseti, og fyrrv. forsætisráðherrarnir Odvar Nordli, Anker Jørgensen og Torbjörn Fälldin auk fyrrum forseta finnska þingsins Elsi-Hetemäki Olander.

Þegar tölfræðin er tekin saman kemur í ljós að Ísland er það land sem hefur átt hlutfallslega flesta þátttakendur, en inntaka fer aðeins eftir hæfni nemendanna.

Við höfum á árunum 1993-2003

fengið 86 tónlistarmenn samþykka, en hefði verið farið eftir mannfjölda við úthlutun hefðu 12 sæti fallið í okkar hlut á þessu tímabili.

Þetta er mikið fyrir frábært starf Katrínar Árnadóttur Lionsklúbbum Engey og svo hins öflugra tónlistaruppeldis á Íslandi.

Það sem gerir þetta kleift er hins vegar þátttaka Lionsklúbba í Íslandi og framlög þeirra í menningar-sjóð.

Lionsgolfmót Skyggnis

Hið árlega Lionsgolfmót Skyggnis verður haldið sunnudaginn 16. maí n.k. kl. 10.00. Keppnisfyrirkomulag verður með svipuðu móti og verið hefur A og B flokkur karla, kvennaflokkur, drengja - og stúlkna-flokkur, gestaflokkur og að ógleymdri sveitakeppninni.

Þátttöku skal tilkynna til:

Bjarni e-mail :
bjarni@samverk.is,
sími - 846-4703

Óli Már e-mail :
urlausnir@rang.is,
sími - 487-5490

Þorsteinn e-mail :
steiniragn@simnet.is,
sími - 487-5912

Magnús J. Magnússon, Lkl. Hornafjarðar, svæðisstjóri svæði 3 109A

Líflegur Lionsdagur á Hornafirði



Þrjú svæðisstjórar á Austurlandi ásamt umdæmisstjóra í umdæmi 109A. Á myndinni eru frá vinstri talið: Gunnar A. Guttormsson svæðisstjóri svæði 1, Magnús J. Magnússon á svæði 3 og Ragnar Eitðsson á svæði 2 og í hann er umdæmisstjórinn í A-umdæminu Þórunn Gestsdóttir að næla merki.

Laugardaginn 6. mars sl. var haldinn mikill Lionsdagur á Hornafirði. Dagurinn hófst á svæðisfundum klúbba á svæði 3 í 109A og lauk á samfundi Lionsmanna er hófst kl. 13.30. Báðir fundirnir voru haldnir í Pakkhúsinu en það er fundarstaður Lionsmanna á Hornafirði.

Í glæsilegu veðri þennan dag var fáni hreyfingarinnar dreginn að húni við Pakkhúsið kl. 10.00. Í fjarska mátti greina fjöllumdæmisstjóra og báða umdæmisstjóra þar sem þeir

rúmliga 3ja tíma akstur. Góðir gestir voru á fundinum en það voru fjöllumdæmisstjóri Hörður Sigurjónsson, Þórunn Gestsdóttir umdæmisstjóri 109A og umdæmisstjóri 109B. Einar Þórðarson, Auk þess voru gestir frá Seyðisfirði og víðar.

Dagskrá fundarins var hefðbundin. Fram kom í skýrslum klúbba að gaman er í hreyfingunni. Flestum formönnum bar saman um að gaman væir á fundum þetta árið. Menn gátu ekki alveg sett puttann á það hvað

in opin öllum Lionsmönnum. Dagskrá og öðrum upplýsingum verður dreift síðar.

Svæðisfundinum lauk, skv. áætlun kl. 12.30. Þá var borin fram súpa, brauð og fleira og gæddu menn sér á súpunni og drukkðu síðan kaffi úti í veðurblíðunni.

Nákvæmlega kl. 13.30 setti Hörður Sigurjónsson samfundinn, bauð gesti velkomna og dásamaði veðrið. Hörður gaf síðan bæjarstjóranum Alberti Eymundssyni orðið. Albert fjallaði um efnið: Hvað hefur Lions gert fyrir bæjarfélagið mitt? Ræddi hann vítt og

verulegu máli. Að loknu sínu máli bauð Albert fundarmönnum í siglingu út í Ósinn ásamt veitingum að fundi loknum.

Hörður þakkaði Albert vel fyrir, bæði erindið og boðið.

Þá var komið að ávörpum fjöllumdæmisstjóra og umdæmisstjóranna tveggja. Fóru þeir vítt og breitt um Lionsstarfið. Talað var um Rauða fjöður. Farið var í gegnum Rauðu fjaðrar verkefni undangenginn ára og menn hvattir til dáða í komandi söfnun. Rætt var um innra starf hreyfingarinnar, Lionsblaðið, Lionsskólann,



Á Samfundinn er haldinn var í Pakkhúsinu voru mættir um fjörutíu Lionsfélagar. Albert Eymundsson bæjarstjóri ávarpaði fundarmenn og var góður rómur gerður að máli hans sem og annarra ræðumanna. Móttökur heimamanna voru sérstaklega hlýjar og fengu þeir veðurguðina líka til að leggja lið.

breitt um gildi Lionsklúbba fyrir bæjarfélagið, fór í gegnum sögu klúbba á Höfn og að hvaða málum þeir hefðu komið að í gegnum tíðina. Lionsklúbbur Hornafjarðar hafði til dæmis fjallað um fjárhagsáætlun hreppsins á undan hreppsnefndinni. Benti hann á marga mikilvæga punkta og ljóst var að aðkoma Lionsklúbba að ýmsum málum skiptu

fræðslumál almennt, unglingskipti, unglingsabúðir.

Undir liðnum önnur mál voru skemmtilegar umræður. Að því loknu var kaffi og síðan sigling út í ós. Var öllu þessu lokið um 16.00. Fóru þá Lionsmenn kátir heim með hugann fullan af Lionsmálefnum.



Heimamenn á Höfn í Hornafirði tóku vel á móti fjöllumdæmisstjórninni Herði Sigurjónssyni fjöllumdæmisstjóra og umdæmisstjórnunum Þórunni Gestsdóttur og Einari Þórðarsyni. Á myndinni eru Magnús J. Magnússon svæðisstjóri svæði 1, Albert Eymundsson bæjarstjóri á Höfn, Hörður fjöllumdæmisstjóri, Erla Guðrún Einarsdóttir formaður Lkl. Kolgrímu, Höfn, Reynir Örn Ólason formaður Lkl. Hornafjarðar og umdæmisstjórnarnir Þórunn og Einar.

röllu um bryggjusvæðið í góða veðrinu. Jöklahringurinn í baksýn.

Létt kaffi fyrir lengra komna var borið fram kl. 11.00 og að því loknu hófst svæðisfundurinn. Svæðisstjóri setti fund og bauð gesti velkomna en þeir voru 15 talsins. Mætt var frá öllum klúbbum svæðisins og má benda á að fyrir formanninn hjá Lionsklúbbum Skyggni á Hellu er þetta

ylli þessu en í heild voru menn jákvæðir. Verkefna- og félagsstarf klúbba var gott og hinir minni klúbbar höfðu ögn dregið úr fjárflyunarverkefnum en sett innra starfið á verkefnalistann. Í lok fundar var boðið til næsta svæðisfundar og svæðishátíðar í Freysnesi í Örafum laugardaginn 24. apríl 2004. Þar vonumst við til að sjá sem flesta enda er hátíð-



Fjöllumdæmisstjórnin, Hörður, Þórunn og Einar við Jökulsárlónið á heimleið frá Höfn.

Erindi flutt á samfundi 6. mars 2004 Albert Eymundsson bæjarstjóri Höfn, Hornafirði

Minnisvarðar á Höfn

**Hvern sem lítur Hornafjörðinn
hrifur fegurðin,
að horfa á eyjar, holtin, skörðin,
hvítan jökullinn.
Girðir fagur fjallahringur
frjósöm heimalönd.
Aldan töfrasöngva syngur
sendna út við strönd.**

Þetta erindi austfirskis sjómanns sem sótti vertíð til Hornafjarðar á fyrri hluta síðustu aldar á einkar vel við á fallegum degi eins og við upphaf þessa fundar. Ég vil gera við ykkur samkomulag, ég held stutta tölu, en býð ykkur í staðinn að njóta veurbliðunnar, sérstæðs umhverfis og fara á vit sínfóniunnar sem leikur törfasöngva við sendna strönd í siglingu með Birni lóðs.

Góðir Lionsfélagar, velkomnir í Austur-Skaftafellssýslu.

Ég þakka þann heiður að vera boðið að eiga við ykkur orðastað á þessum fundi. Ég velti því oft fyrir mér hvað það er sem rekur fólk áfram í hugsjónastarfi eins og í Lionshreyfingunni sem og þeirri þörf að láta gott af sér leiða. Ég hef reynt það á



eigin skinni að vellukkað félagsstarf veitir innri vellíðan sem erfitt er að lýsa og ég hygg að flest ykkar hafið upplifað.

Ég var beðinn um að svara spurningunni: „Hvað hefur Lionshreyfingin gert fyrir bæjarfélagið mitt“

Til að svara henni er nauðsynlegt að rifja upp starfsemi Lionsklubbanna í gegnum tíðina. Þó ég hafi ekki verið þátttakandi í hreyf-

ingunni sjálfur hef ég fylgst vel með starfsemi hennar.

Í þessu héraði hefur Lionshreyfingin unnið mikið og gott starf í almannabágu. Það væri hægt að gera langan lista yfir þau fjölmörgu verkefni sem hreyfingin hefur tekið sér fyrir hendur með góðum árangri. Verkefni sem meðlimir hreyfingarinnar hafa leyst einir og óstuddir eða í samstarfi við aðra aðila.

Lionshreyfingin í héraðinu hefur gengið í gegnum sín blómaskeið og niðursveiflur sem byggist á framlagi sjálfbóðaliða en það er aukaatriði þegar litið er til þeirra afreka sem klubbarnir hafa unnið.

Hæst bera fjölmörg líknarmál sem varða aðstoð við einstaklinga sem hafa orðið fyrir áföllum, átt í veikindum eða átt erfitt uppdráttar á einhvern hátt. Ég hef kynnst því, bæði sem liðsmaður ungmennafélags-hreyfingarinnar og þátttakandi í félagsstörfum með börnum og unglingum, að gott hefur verið að eiga Lionshreyfinguna að þegar aðstoða hefur þurft einstaklinga og fjölskyldur. Fólk sem annars hefði ekki fengið að njóta ákveðinna lífsgæða sem þykja sjálfsgöð og eðlileg.

Stærstu og dýrustu verkefni hafa verið tækjakaup m.a. fyrir heilsugæsluna s.s. rándýr röntgenmyndavél, tannlæknaaðstaða á sínum tíma og margt fleira mætti nefna. Hreyfingin hefur látið til sín taka á menningarsviðinu og reisti m.a. minnisvarða um Jón Eiríksson konfersráð frá Skálafelli í Suðursveit. Í umhverfismálum hefur verið unnið að skóg-rækt og vörnum gegn landbroti.

Sjálfur þekki ég forvarnarstarf ykkar sem skólamaður og veit hversu mikilvægt það er að fá utanaðkomandi hvatningu og stuðning við eilífðarverk eins og forvarnir sem snúa að heill og hamingju barna og ungmenna.

Ekki þarf ég að rifja upp fyrir okkur öll lands- og alþjóðaverkefni sem hreyfingin hefur haft frumkvæði að og komið í framkvæmd.

Ég er sannfærður um að árangur hreyfingarinnar kæmi mörgum á óvart ef verkefni væru skoðuð, metin og verðlögð út frá ársverkum sem meðlimir leggja af mörkum.

Sem svar við upphafsspurningunni þá hvet ég meðlimi Lions til að halda áfram eins og hingað til með sömu grundvallahugsjónir að leiðarljósi. Ég geri mér að sjálfsgöðu grein fyrir að þessi félagsskapur eins og allir aðrir þarf að aðlaga sig nýjum tímum, breyttum viðhorfum, þörfum og kröfum.

Ég tel mig hafa leyfi umbjóðenda minna til að færa ykkur þakki fyrir allt sem þið hafið gert til að bæta mannlíf og umhverfi í þessu héraði og óska ykkur velfarnaðar með þau verkefni sem þið takið ykkur fyrir hendur í framtíðinni.

Erla Hallgrímsdóttir Lkl. Ösp segir frá

Færandi hendi í ófærð

Þrátt fyrir þunga færð komu félagar í Lionsklúbbs Akureyrar, Lionsklúbbsnum Hæng og Lionsklúbbsnum Ösp, færandi hendi á Kristnesspítala miðvikudaginn 14. janúar. Höfðu í farteskinu nýtt hjartalínuritstæki, en gamla tæki spítalans var orðið gamalt og farið að sýna óöryggi.

Einnig afhenti Árni Páll Halldórsson formaður Lionskl. Hængs vatnsstand, eða tæki sem alltaf sér til þess að nóg sé til af köldu vatni og það mjög aðgengilegt fyrir alla.

Lionsklubbarnir hafa í gegnum árin stutt mjög vel við Kristnesspítala og er þar stuðningur við sundlaugina þekktastur og öflugastur.

Læknarnir Arna Rún Óskarsdóttir og Ingvar Þóroddsson og Gígja Gunnarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri veittu tækjunum viðtöku, en Erla Hallgrímsdóttir, formaður Lionsklúbbsins Aspar, og Árni Páll Halldórsson, formaður Lionsklúbbsins Hægs, afhentu tækin.



Frá vinstri: Árni Páll Halldórsson formaður Hængs, Ástríður Johnsen, Ösp, Elísabet Hallgrímsdóttir, Ösp, Valgerður Bragadóttir, Ösp, Erla Hallgrímsd. formaður. Aspar, Stefán Einarsson formaður Lkl. Akureyrar, Jakob Arnason, Lkl. Akureyrar. Aftari röð: Héðinn Jónasson Lkl. Akureyrar, Arna Rún Óskarsdóttir yfirlæknir Öldrunardeildar Kristnesspítala, Gígja Gunnarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri og Ingvar Þóroddsson yfirlæknir endurhæfingardeildar Kristnesspítala.

Lionsklúbburinn Njörður

HRESSIR - ALLT ÁRIÐ!

Það hefur orðið okkur Njarðarfélögum til ómældrar ánægju að klúbburinn gekk eiginlega í endurnýjun lífdaganna fyrir nokkrum árum. Fyrir þann tíma mátti greina ákveðin einkenni deyfðar og félögum fór fækkandi. Í dag er klúbburinn sá fjölmennasti á landinu og geislar af lífsþrótti ef svo má að orði komast.

Hvað gerðist?

Við gerðum algeran uppskurð á klúbbstarfinu á fertugasta starfsárinu. Við fluttum fundartímann úr hádeginu til kl. 18. Skiptum um fundarstað. Höldum bara einn fund í mánuði. Höfum fyrirlesara á öllum fundum. Gerum eitthvað skemmtilegt með fjölskyldum okkar í hverjum mánuði. En mikilvægasta breytingin



Ásgeir Theódórs heldur fyrirlestur á desemberfundi klúbbsins um nýja tækni við speglun á ristli. Skoðun á karlmönnum sem komnir eru yfir miðjan aldur getur dregið úr tíðni andláta af völdum ristilkrabbameins.

var sú að þetta gerum við alla mánuði ársins. Klúbburinn tekur ekkert sumarhlé. Okkur gekk oft illa að komast í gang á haustin en nú tekur ný stjórn við 1. júlí og heldur sinn fyrsta fund í sömu vikunni. Ekki er nokkur vafi á því að sumarhléið er

meginástæða fyrir þeirri uppdráttarsýki, sem herjar á marga klúbba í dag. Við hvetjum aðra klúbba til að taka upp Njarðar-módelið og starfa allt árið.

Herrakvöld

Herrakvöld Njarðar hefur verið haldið í 44 skipti. Það byrjaði í Þjóðleikhúskjallaranum í janúar 1961, fluttist þaðan í Áttugasal Hótel Sögu og síðan upp í Súlnasalinn og hefur verið þar undanfarin 20 ár. Oft hefur okkur Njarðarfélögum fundist Súlnasalurinn full lítill og nú var ákveðið að breyta til og halda Herrakvöldið á Hótel Nordica og reyna að fá fleiri gesti. Það tókst og þann 16. janúar sl. mættu 250 manns á Herrakvöld Njarðar. Er það metfjöldi í sögu Herrakvölda Njarðar. Málverkaupboð hefur í gegnum tíðina verið ein aðal tekjuuppspretta klúbbsins af Herrakvöldinu auk happdrættis. Boðið var upp á mjög góð málverk að þessu sinni og eina höggmynd. Ný tækni var notuð í uppboðinu, myndum af verkunum var varpað upp á stóran skjá í salnum til þess að allir gætu fylgst vel með. Veislugestir fóru ánægðir heim enda er Herrakvöld Njarðar stórkostleg skemmtun þar sem ekkert er til sparað í mat og skemmtidagskrá til að gera kvöldið ánægjulegt.

Njarðarsel flutt

Njörður hóf gróðursetningarstarf í samvinnu við Skógrækt ríkisins í landi jarðarinnar Sarps innst í Skorradal um 1990. Á næstu árum gróðursettu fjölskyldur Njarðarfélaga nokkra tugi þúsunda plantna á þessu svæði, mest birki. Byggt var hús, sem hlaut nafnið Njarðarsel, til að hafa aðstöðu á staðnum. Gaf klúbburinn Skógræktinni húsið svo hún gæti fengið fleiri til starfa á svæðinu. Það varð þó aldrei neitt úr því, en Njarð-



Njarðarsel híft á nýjan grunn við hús Götusmiðjunnar að Árvöllum.

arfélagar voru mjög duglegir í þessu starfi á ákveðnu árabili. Margir félagar voru með ung börn á svipuðu reki. Að gróðursetningu lokinni voru haldnir miklir kappleikar, svokallaðir Njarðarleikar, með ýmsum þrautum fyrir alla aldurshópa. Dagurinn endaði síðan með grillveislu, gítarspili og söng. Njarðarfélagar og fjölskyldur þeirra eiga margar ómetanlegar minningar frá þessum árum og Njarðarsel hefur enn yfir sér einhvern ævintýrablað í augum barna okkar.

En árin liðu, börnin uxu úr grasi, félagar eltust ofurlítið og áhugi á skógræktarstarfinu dvínaði. Þar sem Skógræktin nýtti Njarðarsel ekki neitt gegndi það litlu hlutverki uppi í Skorradal. Njarðarfélagar fóru að velta fyrir sér hvort ekki mætti finna húsinu nýtt og verðugt hlutverk. Auðsótt mál var að fá húsið til baka frá Skógræktinni. Klúbburinn réðst í það þrekvirkni að flytja Njarðarsel úr Skorradal suður að Esjurótum. Þetta var ekki auðvelt því vegurinn efst í Skorradal er mjög mjór svo að krani og dráttarbill rétt komust það. Þegar húsið var komið á dráttarbilinn þurfti Landsvirkjun að taka straum af byggðarlínu, sem liggur niður dalinn. Bilið frá þakbrún upp í línu var

svo stutt að ekki þótti óhætt að fara með húsið undir línuna með straum á. Allt tókst þetta þó slysalaust og húsinu var komið fyrir á grunni, sem Njörður hafði látið gera uppi á Árvöllum hjá Götusmiðjunni. Þar fær Njarðarsel það nýja hlutverk að vera tómstundahús fyrir ungmennin, sem dvelja að Árvöllum.

Rauð fjöður

Það hefur ætíð verið okkur Njarðarfélögum mikið keppikefli að standa okkur vel í Rauðu fjaðrar söfnunum. Vonandi verður svo einnig nú. Það virðist vera dálítið á reiki undir hvaða formerkjum söfnunin fer fram að þessu sinni. Hefur þar bæði heyrst „Börn í vanda“ og „Langveik börn“. Hugsanlegt er að Njörður vilji styðja frekar starfsemi Götusmiðjunnar að Árvöllum. Börn og unglingar, sem koma að Árvöllum eiga vissulega við vanda að etja og hafa mörg þeirra verið sjúk mánuðum saman. Markmiðið er að þau komist á réttan kúrs í lífinu og vonandi fellur slíkt verkefni undir þá málaflokka, sem sinnt verður að söfnun lokinni.

Bestu kveðjur
Daníel Þórarinnsson
Ritsstjóri Njarðarfrétta



Gestir Herrakvöldsins fengu blóm í barminn frá þessum föngulegu stúlkum þegar þeir gengu í salinn. Stúlkurnar sáu einnig um miðasölu í happdrætti kvöldsins.



Njarðarfélagar hengja upp málverk í forsal aðalsalar Hótel Nordica. Málverkaupboðið skilar klúbbum drýgstum tekjum af Herrakvöldinu.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Akureyri: Hvað gerir Lions fyrir bæjarfélagið?

Þann 31. janúar sl. fékk ég þann heiður að ávarpa samfund Lionsmanna og jafnframt sótti ég ráðstefnu á vegum ykkar um karlaheilsu á Akureyri. Í framhaldi af því var ég beðinn um að standa skil á ávarpi mínu í rituðu máli og þeim hugleiðingum sem ég setti þar fram.



Kristján Þór Júlíusson.

lega að það kom mér skemmtilega á óvart við nánari kynningu hve umfangsmikil starfsemi hreyfingarinnar er hér á Akureyri. Í ársskýrslum þeirra þriggja klúbba sem hér eru starfræktir þ.e. Lionsklúbbs Akureyrar, Lionsklúbbsins Hængs og Lionsklúbbsins Aspar kemur

greinilega fram að málefnið eru bæði mörg og fjölbreytileg sem félagsmenn láta til sín taka og miða að því að bæta samfélag okkar. Þannig má nefna atriði eins og:

- * Fjöldi styrkja til félaga og einstaklinga.
- * Samvinnuverkefni um vímuvarnir í sjöunda bekk í grunnskólum.
- * Vinnuferð að sumardvalarheimilinu Ástjörnu vegna viðhalds og endurnýjunar mannvirkja.
- * Söfnun glæraugna sem send voru til Afríku í tengslum við sjónverndarátak.
- * Gjóf sjúkrarúma til Vilnius í Litáen.
- * Undirbúning og framkvæmd alþjóðlegra unglingsbúða Lions að Hrafnagili.
- * Litabók um brunavarnir handa börnum í þriðja bekk í grunnskólum
- * Hængsmótið en þar er keppt í boccia, borðtennis, bogfimi og lyft-

ingum. Víst er að þau eru vandfundin móttin þar sem jafnmikil gleði, einlægni og þakklæti ríkir.

Þannig væri hægt að telja upp mörg önnur góð verk hreyfingarinnar bæði í heimabyggð sem og í erlendu samstarfi.

Framtíðarhorfur félagasamtaka eins og Lions

Margir telja mig bjartsýnan úr hófi fram sérstaklega þegar rætt er um stöðu Akureyrar - en ég get ekki látið hjá líða að rekja ákveðnar hugleiðingar sem vart geta flokkast undir áðurnefnda skilgreiningu.

Hvernig verður þeim mikilvægu málefnum háttað sem Lionshreyfingin hefur látið til sín taka þegar „sykurkyndslóðin“ mun taka við? Hver mun þá staða frjálsra félagasamtaka verða?

Það er mál manna að ætíð verði erfiðara að fá fólk til að vinna að samfélagslegum málefnum eða öðru félagsstarfi - og það er virkilega bagalegt. Þannig kemur fram í ársskýrslum Lionsklúbba á Akureyri að samtals voru 72 stofnfélagar í þeim þremur klúbbum sem nú eru starfræktir - og hver ætli talan sé núna? Samkvæmt áðurgreindum heimildum eru félagarnir 74. Fjölgun er því harla lítil sem þýðir væntanlega að klúbbarnir eigi í ákveðinni varnar-

baráttu. Í þessu samhengi vil ég taka það skýrt fram að ég er fullviss um að meinsemdin liggur ekki hjá klúbbunum heldur í breyttu samfélagi. Því miður er vinna í almannaþágu á undanhaldi. Eitt er víst að Lions er ekki eitt í þessari stöðu.

Hvað er til ráða?

Því miður er ég ekki með neina töfralausn en tel að hluta skýringa megi rekja til þess að „sykurkyndslóðin“ hefur aldrei kynnst þrengingum og er alltof gjarnnt að hugsa eingöngu um eigin hag. Þess vegna er mikilvægt að félagasamtök eins og Lions leggi áherslu á kynningarþátt starfseminnar þannig að landsmenn öðlist betri skilning á mikilvægi frjálsra félagasamtaka og þeirri óeigingjörnu samfélagsþjónustu sem þau veita.

Ég bind miklar vonir við að félagar í Lionshreyfingunni beri gæfu til að halda áfram uppi öflugu starfi. Það er hlutverk okkar allra að tryggja að „sykurkyndslóðin“ sem ætlar að erfa landið muni sjá mikilvægi þess að öflug Lionshreyfing sé hluti af traustu og sterku samfélagi.

Að lokum leyfi ég mér að fullyrða að bæjarbúar virða það sem vel er gert og þið Lionsfélagar getið verið stoltir af ykkar starfi. Bestu árnaðaróskir til ykkar allra með ósk um árangursríkt starf.

Verið ávallt velkomin í „höfuðborg hins bjarta norðurs.“

Lionshreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í samfélagi okkar

Það er óumdeilt að Lionsmenn hafa unnið mikið og gott starf í almannaþágu og eru nauðsynlegur hluti af sérhverju sveitarfélagi. Ég taldi mig vita nokkuð um starfsemi Lionsklúbba en viðurkenni þó fús-



Erla Hallgrímsdóttir Lkl. Ösp

Hljómar í Hæfingarstöð

Þriðjudaginn 25. nóvember 2003 færðu Lionsklúbbur Akureyrar og Lionsklúbburinn Ösp Hæfingarstöðinni við Skógarlund, sem er vinnustaður fyrir þroskahefta einstaklinga, hljómflutningstæki að gjöf. Formenn klúbbanna þau Erla Hallgrímsdóttir og Stefán Einarsson afhentu gjafirnar og Margrét Ríkarðsdóttir forstöðuþroskaþjálfari veitti þeim viðtöku. Fyrir í þeim sama mánuði færðu félagar í Lionsklúbbum Hæng Hæfingarstöðinni einnig hljómflutningstæki og afhenti Árni Páll Halldórsson gjöfina f.h. félaga sinna. Um var að ræða tvær samstæður og fimm ferðatæki ásamt samstæðu sem höfð er í aðalsal, borðstofu, Hæfingarstöðvarinnar. Öll þessi tæki koma í mjög góðar

þarfir. Eitt þeirra verður staðsett í borðstofu en þar eru oft samverustundir þar sem bæði útvarp og tónlist af hljómdiskum kemur við sögu. Eitt tækjanna verður staðsett í svokölluðum sælukrók en þar fer fram skynörfun fólks með miklar fatlanir. Umrætt tæki hefur mikinn bassa og er markmiðið að láta fólk skynja tónlistina með öllum líkamnum. Ferðatækin verða staðsett á hinum ýmsu deildum Hæfingarstöðvarinnar og mun fólk geta notið þess að hlusta á „lögin við vinnuna“.

F.h. notenda og starfsfólks þakkaði Margrét af alhug fyrir góðar gjafir og kvað þær koma að góðum notum. Hún sagði það verðugt að taka við slíkum gjöfum á Evópuári fatlaðra.



Stefán Einarsson formaður Lkl. Akureyrar, Margrét Ríkhavðsdóttir forstöðuþroskaþjafi, yfirmaður Hæfingardeildarinnar, Erla Hallgrímsdóttir formaður Lkl. Aspar.

Margrét Jónsdóttir félaganefndarstjóri skrifar Afslöppun – eða hvað?

Ein er sú nefnd sem á að vera virk og sterk í öllum klúbbum en sumir líta á það sem nokkurs konar „afslöppun“ þegar þeir eru komnir í hana eftir að hafa lokið formannsárinu sínu. Þessi nefnd er venjulega skipuð þrem fráfaraandi formönnum klúbbsins. Þetta er félaganefndin. Það gera sér ekki allir grein fyrir því að þetta er ein mikilvægasta nefnd klúbbsins því henni ber að halda utan um félagana, passa að öllum líði vel í klúbbum sínum, nýir félagar fái nóg að starfa og verði ekki utangátta.

Félaganefndin á að sjálfsgöðu líka að huga að félagafjölgun, aðstoða við inntöku nýrra félaga, hafa gætur á ef kominn er leiði í félagana, þeir farnir að mæta illa á fundi eða í vinnuverkefni eða eitthvað annað hrjáir þá. Þessi nefnd á að fylgjast með merkisatburðum í lífi félaganna hvort sem eru afmæli eða annað og segja frá því. Þetta er nefndin sem á að koma í veg fyrir brottfall félaga

úr klúbbunum, uppfræða nýja félaga um Lionshreyfinguna og klúbbinn sem þeir eru að ganga til liðs við.

Miðvikudaginn 25. febrúar s.l. var haldið námskeið fyrir félaganefndir í Lionsheimilinu, Sóltúni 20. Það verður að segjast eins og er að við höfðum vonast eftir að sjá fleiri fulltrúa félaganefnda klúbba á þessu námskeiði. Svona námskeið er tilvalinn vetvangur fyrir félaga að hittast, bera saman bækur sínar, heyra hvað verið er að gera í öðrum klúbbum og læra hver af öðrum. Þarna kom t.d. fram að það þarf ekki mikið til að gera fundina skemmtilegri og áhugaverðri. Við þekkjum það öll að það þarf áttak til að rífa sig upp úr sófanum þar sem maður liggur með allar fjarstýringarnar sínar og drífa sig á fund en ef von er á einhverju óvæntu eða nýju er auðveldara að skokka af stað.

Ágætu félagar, hlúðið að félaganefndinni í ykkar klúbbi hún er mikilvægari en margir halda og ætti að vera virkust nefnda klúbbsins.

DAGSKRÁ ÞINGS

Undirbúningur umdæmisþinga og fjöllumdæmisþinga er í fullum gangi. Þótt dagskrá sé ekki enn fullmótuð hefur blaðið fengið heimild fjöllumdæmisstjóra til birtingar á drögum að dagskrá með áherslu á að ekki er ólíklegt að hún breytist eitthvað eftir því hvernig undirbúningi miðar og nær dregur þingi.

Fimmtudagur 27. maí 2004

18:00 - 22:00 Afhending þinggagna

Föstudagur 28. maí 2004

08:00 - 16:00 Afhending þinggagna
 09:00 - 10:30 Umdæmisþing 109A og 109B
 10:30 - 11:00 Kaffihlé
 11:00 - 18:00 Skóli fyrir svæðisstjóra
 11:00 - 12:30 Sameiginlegur skóli fyrir fomenn, ritara og gjaldkera
 12:30 - 13:30 Hádegisverður
 13:30 Makaferð
 13:30 - 17:00 Skólar fyrir formenn, ritara og gjaldkera.
 17:15 - 18:00 Opinn fundur með umdæmisstjórum, fjöllumdæmisstjóra og alþjóðastjórnarmönnum
 20:00 - 23:00 Kynningarkvöld með léttum veitingum. Þægilegur klæðnaður.

Laugardagur 29. maí 2004

09:00 - 09:45 Námsstefna
 10:00 - 10:30 Skróðganga
 10:30 - 11:30 Fjöllumdæmisþing.
 Setningarathöfn fjöllumdæmisþinga:
 Fánahylling og þjóðsöngvar,
 Setning þings, Hörður Sigurjónsson, fjöllumdæmisstjóri,
 Ávarp bæjarstjóra,
 Blessun,
 Ávarp fyrrverandi alþjóðaforseta,
 Ávarp fulltrúa Norðurlandanna.
 11:30 - 12:30 Fjöllumdæmisþing frh.
 12:30 - 13:30 Hádegisverður
 13:30 - 16:30 Makaskóli
 13:30 - 17:00 Fjöllumdæmisþingi frh.
 19:30 - 02:00 Lionshátíð 2004 í Íþróttahúsinu

ALLIR LIONSFÉLAGAR VELKOMNIR.

FRAMBOÐ



Einar Þórðarson,



Þórunn Gestsdóttir.



Geir Hauksson.



Stefán Skarphéðinsson.

Einar Þórðarson, umdæmisstjóri 109B og Þórunn Gestsdóttir, umdæmisstjóri 109A hafa bæði tilkynnt að þau gefi kost á sér til embættis fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2004-2005, Einar og Þórunn eru kunn fyrir störf sín í þágu Lionshreyfingarinnar. Bæði voru þau stofnfélagar í sínum klúbbum, Einar í Fjörgyn og Þórunn í Eir og bæði hafa þau verið formenn sinna klúbba og svæðisstjórar og eiga bæði farsælt Lionsstarf að baki. Þingfulltrúar á þinginu á Sauðárkróki í vor standa frammi fyrir erfiðu vali er þeir þurfa að kjósa milli þessara félagsreyndu félaga okkar

til að vera í forustu hreyfingarinnar næsta starfsár.

Einn er í kjöri til embættis umdæmisstjóra næsta starfsár í hvoru umdæmi, Geir Hauksson Lkl. Hafnarfjarðar í umdæmi 109A og Stefán Skarphéðinsson Lkl. Borgarness í 109B. Þeir eiga báðir langan embættisferil að baki í hreyfingunni verið formenn og svæðisstjórar og sinnt öðrum embættisstörfum.

Blaðinu hafa ekki enn borist upplýsingar um framboð til embættis varaumdæmisstjóra, alþjóðasamskiptastjóra, kynningarstjóra, fjöllumdæmisritara og fjöllumdæmisgjaldkera sem velja skal á þinginu.

Umdæmis og fjöllumdæmisþing

Allir klúbbar hafa nú fengið í hendur skráningarblöð fyrir umdæmis og fjöllumdæmisþing og skóla embættismanna. Þinghaldarar hafa beðið blaðið að koma því

á framfæri að klúbbar sendi sem fyrst skráningarblöðin útfyllt til baka til að auðvelda undirbúning þinghalds.

Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl. Mosfellsbæjar, fv. alþjóðastjórnarmaður

Karlaheilsa

Lionshreyfingin á Íslandi hefur nú staðið fyrir fimmtu námstefnunni um karlaheilsu, hin síðasta var miðvikudaginn 17. mars. 2004, Hún fór fram í Norræna húsinu, og fjallaði m.a um breytingarskeið karla sem Guðjón Haraldsson, sérfræðingur í þvagfærasjúkdómum fjallaði um. Hann ræddi um að það er margt sem er frábrugðið hvað áhrærir sjúkdóma hjá karlmönnum og kvenfólki. Þess vegna er nú orðið algengt að læknaþing fjalli sér um karlaheilsu og á öðrum þingum um kvennaheilsu. Hann fagnaði frumkvæði Lionshreyfingarinnar að fjalla um þetta fyrir almenning.

Bjarni Jónasson, heimilislæknir í Garðabæ sagði okkur frá því hvernig „húmor“ getur haft heilsuþætandi áhrif á karla og konur. Hann tók fyrir ýmsa sjúkdóma og sjúkdómseinkenni og fléttaði þeim saman á áhrifaríkan hátt með miklum húmor þannig að hláturinn dundi oft í salnum.

Aðalsteinn Guðmundsson, öldrunarlæknir og forstöðulæknir Hrafnistuheimilanna fjallaði um byltur og brot hjá körlum og hvatti okkur til að snúa bókum saman. Hreyfingarleysi er algengt vandamál og hann hvatti til að við stunduðum heilsurækt m.a. með því að hreyfa okkur a.m.k. 20 mínútur daglega 3 daga í viku eða stunda aðrar íþróttir.

Engilbert Sigurðsson geðlæknir, yfirlæknir á Geðsviði Landspítala Háskólasjúkrahúss flutti erindi sem hann nefndi Táp og fjör og frískir menn - Þunglyndi karla.

Hann greindi frá einkennum, tíðni þessa sjúkdóms og að nú þorir almenningur að ræða opinskátt um þennan sjúkdóm.

Í lok janúarmánaðar í ár stóð Lionsklúbbur Húsavíkur fyrir námstefnu um karlaheilsu og þar varð húsfyllir, alls mættu tæplega 200 karlmenn og hlýddu á 5 fróðleg erindi er fjölluðu um ýmsa sjúkdóma sem hrjá karlmenn, einkenni, orsakir, meðferð og hvenær við eigum að leita læknis.

Tæpri viku síðar stóð Lionsklúbburinn Ösp á Akureyri, sem er kvennaklúbbur, fyrir námstefnu um karlaheilsu og mættu þar hátt á annað hundrað karlmenn en engin kona. Þetta vakti mikla athygli og má



Jón Bjarni Þorsteinsson.

segja að auglýsing og kynning Lionsfélaga okkar á Húsavík og Akureyri tókst fádæma vel. Mættum við læra mikið af þeim.

Margir hafa spurt mig hvers vegna Lionshreyfingin standi fyrir heilbrigðisfræðslu af þessu tagi.

Ég hef svarað því til að við leggjum lið þar sem við telj-

um að það geti hjálpað. Það gerir það svo sannarlega í þessu tilfalli. Það sýnir okkur best að á 5 námstefnum er fjallað hafa um karlaheilsu hafa mætt tæplega 800 hundruð karlmenn. Margir þeirra hafa lýst þakklæti sínu og talið þetta framtak þarft og það hafi gefið þeim mikla og góða fræðslu um hvernig þeir eiga að hegða sér, meta einkenni sjúkdóma og hvenær þeir eiga að sækja til heil-

brigðiskerfisins. Þá er takmarkinu náð.

Loks vil ég nefna að Lionshreyfingin hefur einnig staðið fyrir 2 námstefnum er fjalla um kvennaheilsu núna síðast í febrúar 2004 en sú fyrri var í mars 2003 og voru báðar í Reykjavík. Þær voru vel sóttar og komu margar fyrirsurnir frá fundarmönnum.



Þórunn Gestsdóttir umdæmisstjóri 109A

Geðró og kynferðislegt ofbeldi

Kvennaheilsa var umfjöllunarefni á opnum fræðslufundi í Norræna húsinu miðvikudaginn 18. febrúar sl. Fundurinn var mjög vel sóttur og stóð yfir í rúmar tvær klukkustundir. Lionshreyfingin á Íslandi stóð fyrir fundinum í samstarfi við lyfjafyrirtækið GlaxoSmithKline og Jón Bjarni Þorsteinsson læknir og Lionsfélagi undirbjó fundinn.

Fjórir læknar fjölluðu um sjúkdóma er tengjast konum sérstaklega



Þórunn Gestsdóttir.

og fóru inn á hvers vegna það væri þörf á sérfræðslu og umræðu um heilsu kvenna.

Fyrirlesararnir voru fjórir: Guðbjörg Sigurgeirsdóttir heimilislæknir á Seltjarnarnesi, Halldóra Ólafsdóttir sérfræðingur í geðlækningum, Guðrún Agnarsdóttir yfirlæknir á bráðamóttöku og Bryndís Benediktsdóttir dósent og heimilislæknir í Garðabæ. Fundarstjóri var Þórunn Gestsdóttir umdæmisstjóri í umdæmi 109A.

Umfjöllunarefnið var m.a. um geðró og geðraskanir, kynferðislegt ofbeldi gegn konum og ungum stúlkum, svefnleysi og þörfina á fræðslu um heilsu kvenna. Mjög góður rómur var gerður af erindum læknanna og víst að margt er ósagt og óskoðað varðandi fræðslu um kvennaheilsu.

Þetta er annar fræðslufundurinn um kvennaheilsu sem Lionshreyfingin á Íslandi stendur fyrir en um karlaheilsu hafa verið haldnir fimm opnir fundir, þrjár í Reykjavík, einn á Húsavík og einn á Akureyri.

Daniel G. Björnsson, Rauðu fjaðrar fulltrúi 109A

Rauð fjöður

Nú þegar söfnun Rauðu fjaðrarinnar er að hefjast þá eiga allir klúbbar að vera búnir að fá til sín söfnunarbaukana og gögnin sem fylgdu þeim, það er að segja leiðbeiningar um söfnun með baukum og skil á þeim. Þá fylgir með bréf til formanna þar sem fram kemur að söfnunin sé landsöfnun og plakati sem er táknrænt fyrir söfnunina og ég hvet alla til að koma á áberandi stað í sinni heimabyggð. Þessu til viðbótar er svo spjald með upplýsingum um banka og reikningsnúmer sem fólk getur lagt inná til styrktar söfnuninni, og þar kemur líka fram að við höfum opnað fyrir söfnun í gegnum síma en númerið er „905 5050“. Ef hringt er í númerið þá skuldfærist reikningur viðkomandi um kr. 1.000.- .

Eins og í fyrri söfnunum verður munasala. Nú eru það listmunir. Var leitað í smíðju Koggu og Magnúsar Kjartanssonar eftir hugmyndum og komu þau með Fjöregg, en það eru tvær stærðir af eggjum og eru engin tvö egg eins. Þessi egg eru ætluð til sölu hjá fyrirtækjum og stofnunum en verð fyrir stærra eggjið kr. 40.000 og fyrir það minna kr. 20.000. Einnig



„Hraðar hendur“.Það tók fimmtíu félagar úr klúbbunum í Kópavogi aðeins 3 klukkutíma að merkja 3000 bauka. Á sama tíma voru tuttugu félagar í Hafnarfirði að pakka munum og senda til klúbbanna.

Minning: Leó Guðlaugsson

f. 27. mars 1909
d. 14. febrúar 2004

Leó Guðlaugsson gekk til liðs við Lionsklúbb Kópavogs árið 1976. Hann gengdi mörgum trúnaðarstörfum fyrir klúbbinn bæði sem stjórnarmaður og þátttakandi í nefndum og starfshópum og var alltaf með í öllu sem klúbburinn tók sér fyrir hendur. Hann var mikill félagsmálamaður og var



Leó Guðlaugsson.

íu Eygló Jónsdóttur sem lést 1999. Þau áttu þrjá syni. Síðustu mánuði dvaldi Leó á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi, en engu að síður mætti hann, með aðstoð Guðlaugs sonar síns, á flesta fundi klúbbsins, þann síðasta þrem dögum fyrir andlátið. Lionsklúbbur Kópavogs þakkar

honum samveruna og sendir fjölskyldunni samúðarkveðju.

Fh Lionsklúbbs Kópavogs
Pétur Sveinsson

hafa verið sérmerktir Rauðu fjaðrar pennar sem selja á og er verð þeirra kr. 1.000.-

Send hafa verið til allra klúbba pennar og sitt hvort eggjið og er það til þess að félagar í klúbbunum geti sýnt þessa muni og kynnt í fyrirtækjum. Þá fylgir þessum munum og pennum sérstakt kynningarblað þar sem kemur fram hvar hægt er að panta munina.

Kynning þessara listmuna og penna meðal fyrirtækja er því afar einföld.

Við, sem í Lionshreyfingunni erum, eigum að nota þetta tækifæri og gera okkur sýnileg með því að láta á okkur bera og hvað það er sem við stöndum fyrir. Eins og allir Lionsfélagar vita þá er Lionshreyfingin öflugasta líknarhreyfing sem starfar í dag og hefur verið um langan tíma. Með þátttöku okkar í þessu verðuga verkefni sem Rauðu fjaðrar nefndin hefur komið af stað erum við að stuðla að bættri líðan allra langveikra barna, sama hvar þau eru. Á landinu eru á milli 40 og 50 félög sem teljast til þeirra og á ég þar við félög innan

Umhyggju og Landsamtaka Þroskahjálpar.

Því hvet ég alla þá sem geta tekið þátt í þessu verðuga verkefni að gera svo. Hvað er betra en að líta til baka yfir farin veg og sjá árangur af starfi sínu og vita að við höfum létt þeim lífið.

Verum virk, Leggjum lið. LÉTTUM ÞEIM LÍFIÐ.



Athugasemd

Á bls. 11 í síðasta tölublaði var mynd frá gleraugnasöfnun Lkl. Kópavogs. Láðist að geta þess að myndin átti að merkjast: Ljósmynd: (c) 2003 Kópavogspósturinn, Er beðist velvirðingar á því að það var ekki gert.

Ritstjóri



GOTT FOLK MCCANN - 25814

Öryggi þitt er í góðum höndum

Þegar lífið kemur á óvart er gott að hafa TM-Öryggi

Öll erum við einstök og lifum ólíku lífi. Þess vegna reynum við hjá TM ekki að steypa alla í sama mótið með einni stórrí tryggingu.

TM-Öryggi er safn trygginga sem hentar bæði einstaklingum og fjölskyldum. Ráðgjafar okkar aðstoða þig við að raða saman þeim tryggingum sem henta þér og þínu lífi en lágmarkið í TM-Öryggi er tvær tryggingar.

Kostir TM-Öryggis:

- Þú velur aðeins þær tryggingar sem þú þarft
- 10% afsláttur af öllum tryggingum
- 10% viðbótarafsláttur vegna tjónlauss árs
- Einn endurnýjunardagur fyrir allar tryggingar
- Sveigjanleg greiðslukjör
- Bílalán á hagkvæmum kjörum
- Með allar tryggingar á einum stað ertu með góða yfirsýn yfir tryggingamálin

